


Rýmingaráætlun Rimaskóla

Rýming getur verið ákveðin af mörgum ástæðum; s.s. vegna eldsvoða, jarðskjálfta, mengun eða ofbeldi. Við rýmingu er öllum skylt að yfirgefa skólann og fara á tilgreint Söfnunarsvæði.

Skólastjóri ber ábyrgð á að reglur um rýmingu séu til, uppfærðar og kynntar starfsmönnum skólans og nemendum. Rýmingarstjórar eru meðlimir Öryggisnefndar. Rýmingarfulltrúar eru allir kennarar, ritari, matráður og aðrir tilgreindir starfsmenn af skólastjóra. Rýmingarstjóra og fulltrúar skulu fá fræðslu um rýmingar, hlutverk sín og ábyrgðir.

1. Boðun rýmingar - Til að boða rýmingu skal nota brunaviðvörðunarkerfi skólans:
2. Viðbrögð við boðum frá brunaviðvörðunarkerfi:



3. Aðrir starfsmenn og nemendur:
 - a. Ef viðvörðunarbjöllur óma einu sinni, þá skal undirbúa rýmingu:
 - i. Stöðva kennslu og fá hljóð í bekkinn.
 - ii. Taka saman nafnalista fyrir skólastofuna.
 - iii. Vera á varðbergi - kennari stígur út fyrir og skoðar nánasta umhverfi.
 - b. Ef viðvörðunarbjöllur óma í annað sinn skal hefja rýmingu.**
4. Ef um eld er að ræða:
 - a. Takið ákvörðun um hvort reyna eigi að slökkva eld með handslökkvitæki - takið aldrei áhættu
 - b. Ef eldur er stjórnlaus skal boða rýmingu - Ýtið á næsta handboða.
 - c. Tilkynnið öðrum á svæðinu um að rýming sé hafin.
 - d. Hringið í 112 og tilkynnið um eldinn.
5. Önnur vá en eldur
 - a. Farið að stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis:
 - i. Ýtið á „Rýma hús / seinkun af“
 - ii. Látið bjöllur óma í ca. 10 sekúndur
 - iii. Ýtið síðan á „Hljóðgj. AF/Á“
 - iv. Bíðið í aðrar 10 sekúndur
 - v. Ýtið á „Rýma hús / seinkun af“
 - b. Hefjið rýmingu.

RÝMING / HLOTVERK

- Rýmingarstjóri stýrir rýmingu.
- Rýmingarfulltrúar/kennarar fara eftir leiðbeiningum sem hanga uppi í öllum kennslustofum.
- Kennslustofa skal ekki rýmd fyrr en kannað hefur verið hvort útgönguleið er greið.
- Þegar kennslustofa er rýmd skal kennari taka með sér nafnalista og rautt/grænt spjald.
- Rýmingarfulltrúar leiðbeina sínum nemendum á Söfnunarstaði 1 eða 2. (sjá mynd)
- Skólaliðar opna útgönguleiðir hver á sínu svæði.
- Skrifstofustjóri og ritari taka með sér bekkjarlista, forfallaskráningu dagsins og farsíma með sér út á Söfnunarsvæði 1.

RÝMING / ALMENN VIÐBRÖGD

- Lokið gluggum og hurðum á leið ykkar út - eins og kostur er.
- Farið stystu leið út úr byggingunni. Ef reykur eða önnur vá er í flóttaleið þá veljið aðra leið (öll rými eru með tvær flóttaleiðir).
- Gangið rösklega og gætið rósemi.
- Þegar út er komið skal safnast saman á Söfnunarstaði.
- Ekki má fara aftur inn í bygginguna fyrr en heimild er gefin. Öllum er bannað að yfirgefa Söfnunastað nema að fengnu leyfi rýmingarfulltrúa/rýmingarstjóra.
- Ef þið vitið um einhvern sem hefur lokast inn í byggingunni þá látið slökkvilið vita.

Á SÖFNUNARSVÆÐUM

- Á Söfnunarsvæðum mynda nemendur röð hjá kennara sínum.
- Kennari fer yfir nafnalistann og
 - Réttir upp **grænt** spjald ef allir engan nemanda vantar.
 - Réttir upp **rautt** spjald ef einhvern nemanda vantar.
- Skólastjóri skipuleggur upplýsinga frá báðum Söfnunarstöðum.
- Varðstjóri slökkviliðs eða lögreglu gefur leyfi til að fara aftur inn í skólabygginguna.
- Reynist ekki hægt að fara aftur inní skólann, stýra skólastjórnendur öruggum heimflutningi nemenda.

ÁBYRGÐARADILAR SKULU:

- Þekkja staðsetningu slökkvitækja og kunna að nota þau
- Vita um staðsetningu handboða
- Þekkja rýmingarleiðir
- Hafa hurðir að stigahúsum ávallt lokaðar.
- Hlýða rýmingarboðum.

SÖFNUNARSTAÐIR - mynd



NAFNAKALL

- Nemendum er skylt að svara hátt og snjallt.
- Nemendum er óheimilt að trufla nafnakall.

FORELDRAR SÆKJA

- Skólastjórnendur stjórna heimflutningi nemenda.
- Foreldrar nemenda í yngri deildum ganga fyrir í að sækja börn sín.

HLUTVERK ALMENNRA STARFSMANNA

- Almennir starfsmenn; s.s. í eldhúsi, á skrifstofu og kennarar sem ekki eru að sinna kennslu er rýming er boðuð, skulu aðstoða við rýmingu eins og frekast er unnt.
- Starfsmenn á almennum svæðum skulu benda nemendum sem þar eru á að hefja rýmingu í samræmi við áætlun.
- Starfsmaður á almennu svæði skal ganga úr skugga um að svæðið sé að fullu rýmt áður en hann/hún heldur á Söfnunarsvæði.